

Reglugjörð

9

14. febr.

um sjerstakan tímareikning.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 8, 16. febr. 1917, um heimild handa ráðuneyti Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um sjerstakan tímareikning.

Fyrir tímabilið frá 20. febrúar til 15. nóvember 1918 skal hafa sjerstakan tímareikning, þannig að klukkan verði færð fram um 1 klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að miðvikudagurinn 20. febrúar byrjar 19. febrúar kl. 11 að kveldi eftir íslenskum meðaltíma, og föstudagurinn 15. nóvember endar einni klukkustund eftir miðnætti samkvæmt tímareikningi þeim, sem ákveðinn er með þessari reglugjörð.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 14. febrúar 1918.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

10 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Sjúkrasjóð Blönduós-
22. febr. læknishjaraðs«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 22. febrúar 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Sjúkrasjóð Blönduóslæknishjaraðs«.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Sjúkrasjóður Blönduóslæknishjaraðs«, og er stofnaður af ungmennafjelaginu »Dagsbrún« á Blönduósi þann 25. febrúar 1916 með krónum 200,00 — tvö hundruð krónum.

2. gr.

10
22. febr.

Tilgangur sjóðs þessa er sá, að styrkja fátæka sjúklinga í Blönduóslæknishjæraði til læknishjálpar á væntanlegu sjúkrahúsi á Blönduósi eftir þeim reglum, er síðar greinir.

3 gr.

Verksvið sjóðsins nær yfir hið lögskipaða Blönduóslæknishjærað.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skulu allir vextir lagðir við hann þartil hann er orðinn að upphæð 1000 krónur — eitt þúsund krónur —, skal þá jafnan árlega veita af honum hálfu ársvöxtu, en hinn helmingurinn leggjast við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn hefir náð því að verða 2000 kr. — tvö þúsund krónur —, skal jafnan veita $\frac{3}{4}$ vaxta hans, en $\frac{1}{4}$ leggjast við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn hefir náð því að verða 10000 kr. — tíu þúsund krónur —, er stjórninni heimilt að veita alt að fullum ársvöxtum, ef sjerstök þörf krefur.

5. gr.

Styrkveiting sjóðsins skal bundin eftirfarandi skilyrðum og reglum:

1. Að sjúklingurinn eigi lögheimili eða hafi dvalið að minsta kosti 3 mánuði, áður hann leitaði læknishjálpar, innan hjæraðsins.
2. Að viðkomandi hafi legið og notið mikilsvarðandi læknishjálpar á sjúkrahúsi læknishjæraðsins.
3. Að viðkomandi sje ekki sveitarþegi.
4. Að skrifleg styrkbeiðni hafi komið til stjórnarinnar.
5. Styrkurinn veitist:
 - a. Fátækum, duglegum fjölskyldumönnum, og gildir hið sama fyrir konur þeirra og börn.
 - b. Fátæku, ungu námsfólki, sem nám stundar á opinberum skólum innan hjæraðsins.
 - c. Fátæku daglaunafólki, sem hefir orðið fyrir tilfinnanlegu atvinnutapi sakir slysa eða langvarandi heilsuleysis.
 - d. Fátækum ekkjum, gamalmönnum og munaðarleysingjum.

6. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð því að verða 5000 krónur — fimm þúsund krónur —, má veita alt að helmingi af þeim styrk, er það ár og svo frv. liggur fyrir til úthlutunar sjúkling, er þarfnast þeirrar læknishjálpar, sem ekki eru tök á að veita honum á sjúkrahúsi hjæraðsins. Skal þá sú styrkveiting bundin þeim skilyrðum og reglum, er um ræðir í 5. gr. að undanteknum tölulið 2.

10

22. febr.

7. gr.

Vilji svo til að ekki verði úthlutað öllum þeim styrk á árinu, er heimilt er að úthluta, þá má stjórnin veita alt að 30 kr. til jólagleði sjúklingum þeim, sem á sjúkrahúsinu liggja um jólin.

Það, sem afgangs er, færast samkvæmt 9. gr.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Sjóðurinn skal, þegar eftir að hann tekur til starfa, hafa tvær sjóðbækur: Nr. 1 höfuðstólsbók og nr. 2 útborgunarbók. Úr nr. 1, höfuðstólsbókinni, skal jafnan 31. desember ár hvert færa inn í nr. 2 þær vaxtaupphæðir, er næsta ár eiga að koma til úthlutunar. Annars er nr. 1 óheimil til allrar útborgunar, en inn í hana færast allar tekjur, er sjóðnum hlotnast á árinu, gjafir, áheit eða því um líkt. Úr nr. 2 skulu allar árlegar útborganir sjóðsins færast, en þó ekki fyr en nauðsyn krefur.

Skulu því vextir þeir, sem þeirri bók áskotnast á árinu, koma til útborgunar, ef þörf er á; sje inneign 31. desember, færast hún inn í nr. 1 sem tekjur 1. janúar ár hvert.

10. gr.

Sjóðurinn skal vera á ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

11. gr.

Fyrst um sinn skal sjóðurinn ávaxtast í sparisjóði Húnavatnssýslu, en þá skal hann fluttur, er sýslunefndinni þykir ástæða til.

12. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu jafnan sitja þrír menn, og skal sýslumaður Húnavatnssýslu sjálfkjörinn formaður hennar, að undanteknu ákvæði 13. gr., en hinir tveir kosnir af sýslunefndinni til tveggja ára í senn, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal stjórnin bera fulla ábyrgð á sjóðbókunum.

13. gr.

Sitji sýslumaður langt frá sjúkrahúsinu, skal sýslunefndin kjósa sjúkra-sjóðsnefndinni formann í hans stað. Annars skal þess gætt við kosning nefndar þessarar, að svo miklu leyti sem hægt er, að hún sje jafnan búsett í nánd við sjúkrahúsið.

14. gr.

Ekkert má gjaldkeri borga út úr sjóðbók nr. 2 nema með samþykki meðnefndarmanna sinna.

Stjórnin ræður styrkveitingum.

15. gr.

Við árslok hver skal stjórn sjóðsins semja nákvæman reikning yfir tekjur og gjöld hans á árinu og leggja fram endurskoðaðan með fylgiskjölum fyrir næsta aðalfund sýslunefndar.

Endurskoðendur eru kosnir af sýslunefndinni.

16. gr.

Aðalreikning sjóðsins skal birta í sýslunefndargjörðinni ár hvert.

17. gr.

Engan stjórnarkostnað má sjóðurinn hafa utan sjóðbækur, fyr en hann er orðinn 5000 kr. Má þá sýslunefndin veita stjórninni þóknun til ritfangakostnaðar, ef hún óskar.

18. gr.

Styrkveitingardagur sjóðsins er í desember ár hvert. Skal þó stjórninni heimilt, þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð krónur 5000,00, að borga út tvisvar á ári í júní og í desember. Undanþága undan þessu ákvæði er ákvæði 6. gr.

19. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að hún einhverra orsaka vegna ekki nái fullum tilgangi. Skulu allar breytingar hafa eindregið fylgi stjórnarinnar, vera samþykktar af sýslufundi með $\frac{3}{4}$ atkvæða og ná konunglegri staðfestingu.

20. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Blönduósi 25. febrúar 1916
fyrir U. M. F. »Dagsbrún«

Sig. H. Sigurðsson. Einar Erlendsson.
(p. t. formaður). (p. t. ritari).